



37. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 3. apríl, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

1. **Atvinnumál.**
2. **Bréf frá Kjartani Lárussyni, verkefnisstjóra vegna fyrirhugaðrar stofnunar Markaðsskrifstofu Norðurlands.**
3. **Afrit af bréfi til Ástráðs Haraldssonar, hrl. vegna uppsagnar Ágústar Þórs Bragasonar.**
4. **Umsókn um starf vegna heimaþjónustu.**
5. **Beiðni um styrk vegna tónleikaferðar.**
6. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.**
7. **Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga til aðildarhafna.**
8. **Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 113/2003.**
9. **Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna nýrra reglugerða um húsaleigubætur.**
10. **Afrit af umsókn INVEST til “Átaks til atvinnusköpunar” vegna undirbúningsvinnu og rannsókna á iðjukostum á Norðurlandi vestra.**
11. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

Fram var borin eftirfarandi tillaga:

“Bæjarráð Blönduóssbæjar samþykkir að boða til fundar og kanna áhuga á byggingu þjónustumiðstöðvar við Þjóðveg 1, innan bæjarmarkanna. Til fundarins verði boðaðir þeir aðilar sem vilja vera þátttakendur í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar og/eða leigjendur með ákveðin rými fyrir fjölbreytta starfsemi eftir að byggingarframkvæmdum lýkur. Bæjarstjóra er falið að finna hentuga tímasetningu og boða fundinn.”

Valdimar Guðmannsson, Jóhanna G. Jónasdóttir

Tillagan er samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá Kjartani Lárussyni, verkefnisstjóra vegna fyrirhugaðrar stofnunar Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkir að koma að stofnun Markaðsskrifstofu Norðurlands svo fremi sem nágrannasveitarfélögin taki einnig þátt í verkefninu.

3. Afrit af bréfi til Ástráðs Haraldssonar, hrl. vegna uppsagnar Ágústar Þórs Bragasonar.

Lagt fram til kynningar.



- 4. Umsókn um starf vegna heimaþjónustu.**
Soffía S. Jónasdóttir sækir um starf í heimaþjónustu eftir að staðan var auglýst í Glugganum. Bæjarráð samþykkir að ráða Soffíu í starfið.
- 5. Beiðni um styrk vegna tónleikaferðar.**
Fram lagt erindi Karlaórs Bólstaðarhlíðarhrepps og Skólalúðrasveitar Húnavatnssýslu um styrk vegna tónleikaferðar til Svíþjóðar. Bæjarráð samþykkir að veit 15.000 kr. styrk til ferðarinnar.
- 6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.**
Lagt fram til kynningar.
- 7. Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga til aðildarhafna.**
Fram lagt til kynningar frá Hafnasambandi sveitarfélaga erindi um ráðstöfun veiðigjalds. Bæjarráð vísar erindinu til hafnar- og veitunefndar.
- 8. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 113/2003.**
Lagt fram til kynningar.
- 9. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna nýrra reglugerða um húsaleigubætur.**
Lagt fram til kynningar.
- 10. Afrit af umsókn INVEST til “Átaks til atvinnusköpunar” vegna undirbúningsvinnu og rannsókna á iðjukostum á Norðurlandi vestra.**
Umsóknin er lögð fram til kynningar. Fram kemur að samstarfsaðilar verkefnisins eru sveitarfélagið Skagafjörður, Blönduósbær og Höfðahreppur. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með fyrirhugað samstarf þessara sveitarfélaga.
- 10. Önnur mál.**
 - a) *Fram lagt erindi Jónasar Skaftasonar dags. 23.3. 2003 þar sem hann óskar eftir fundi bæjarfulltrúa vegna aksturs á vegum bæjarfélagsins. Bæjarstjóra er falið að svara erindinu.*
 - b) *Fram lögð samantekt frá INVEST um uppbyggingu gönguleiða milli Skagafjarðar, Blönduóss og Skagastrandar. Sveitastjórnirnar eru hvattar til að taka höndum saman og byggja upp gönguleiðir á milli þessara staða og markaðssetja þær. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og leggur til að Jóhanna G. Jónasdóttir verði í forsvari fyrir Blönduósbæ.*

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:00

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)